



## Niðurstöður samráðs í máli 226/2025

# Drög að atvinnustefnu Íslands – vaxtarplan til 2035

*Í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is  
14. nóvember. 2025–09. desember 2025*

## EFNI

---

1.	Umfjöllunarefni .....	2
2.	Þátttaka .....	2
3.	Almenn efnisatriði og aðferð við greiningu umsagna .....	3
	Helstu áherslur í umsögnum atvinnulífs og útflutningsgreina .....	4
	Áherslur stéttarféлага, samtökum launafólks og réttindasamtaka .....	4
	Áherslur sveitarféлага og landshlutasamtaka .....	4
	Áherslur umsagnaraðila á sviðum menntunar, vísinda og nýsköpunar .....	5
	Áherslur umsagnaraðila á sviði náttúru- og umhverfisverndar .....	5
4.	Viðbrögð forsætisráðuneytis við umsögnum .....	6
5.	Næstu skref .....	6

## 1. UMFJÖLLUNAREFNI

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram að ríkisstjórnin hyggist meðal annars ná markmiðum sínum með mótun atvinnustefnu sem stuðli að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framleiðni og heilbrigðum vinnumarkaði.

Atvinnustefnunni er ætlað að styðja við framtíðarsýn stjórnvalda um aukna verðmætasköpun, knúna áfram af fjölbreyttum útflutningi sem byggir á nýsköpun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Stjórnvöld vilja stuðla að atvinnulífi þar sem framleiðni er mikil, alþjóðleg samkeppnishæfni er sterk og fjölbreytt störf eru til staðar um allt land. Jafnframt er mikilvægt að atvinnustefna stjórnvalda styðji við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í útflutningsgreinum.

Drög að atvinnustefnu Íslands – vaxtarplani til 2035 – voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 14. nóvember 2025, ásamt drögum að stöðugreiningu um þróun efnahags- og atvinnulífs á tímabilinu 2010–2024, þar sem lykilviðfangsefni og áskoranir eru dregin fram. Almennings- og hagaðilum var boðið að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um stefnuna. Jafnframt voru lagðar fram spurningar um afmörkuð viðfangsefni og mögulegar aðgerðir sem verða útfærðar nánar í aðgerðaáætlunum sem styðja við innleiðingu atvinnustefnunnar.

Stefnumótunin er leidd af forsætisráðuneytinu og hefur verið unnin í víðtæku samráði. Fundað hefur verið með helstu hagaðilum og samráðsgátt stjórnvalda nýtt til að afla umsagna um áform og drög að stefnunni. Forsætisráðuneytið stóð jafnframt fyrir opnum viðburðum í september 2025 og í janúar 2026 þar sem áherslur og alþjóðlegt samhengi atvinnustefnunnar voru kynnt og rædd.

## 2. ÞÁTTTAKA

Fjöldi umsagna sem bárust í samráðsgátt	Einstaklingar: 9 Lögaðilar: 76 <b>Samtals: 85</b>
---	---

Umsagna var aflað með birtingu í samráðsgátt stjórnvalda. Ekki var sent út sérstakt boð þar sem óskað var eftir umsögnum.

Alls bárust 85 umsagnir frá eftirfarandi aðilum (upptalning í tímaröð): Guðjón Sigurðsson, Skóræktarfélag Reykjavíkur, Fönn ráðgjöf, Byggðaráð Skagafjarðar, Landssamtökin Þroskahjálp, Kadeco – Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Samband íslenskra sveitarfélaga, Álklasinn, Viðskiptaráð Íslands, STEM Ísland, námsleið í umhverfis- og auðlindafræðum við HÍ, Jón Ágúst Þorsteinsson (skilaði tveimur umsögnum), Norðurþing, Orkuklasinn, ÖBÍ – réttindasamtök, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Landssamband veiðifélaga, Jóhann Þór Magnússon, Samtök fyrirtækja í

fjármálaþjónustu, Tryggvi Felixson, SamSTEM-hópurinn, Alþýðusamband Íslands og BSRB, Landvernd, Akureyrarbær, Bandalag háskólamanna, Styrmir Hafliðason, Verne Global ehf., Samstarfsvettvangur um orkuskipti, Verslunarfélag Reykjavíkur, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs ehf., Efling stéttarfélag, Kauphöll Íslands hf., Elkem Ísland ehf., Háskólinn á Akureyri, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Davíð Lúðvíksson, Icelandair ehf., GeoSilica, Eyjafjarðarsveit, Grænvangur, Almennarómur, Kristín Vala Ragnarsdóttir, Bændasamtök Íslands, Orkuveita Reykjavíkur, Veitur ehf., Rajesh Rupakhety, Hellnasker – hugveita í sjálfbærni, Langanesbyggð, Carbfix, atNorth, Sasha Coalition, Silfurgen ehf., Dalabyggð, Hugverkastofan, Háskóli Íslands, Vísindagarðar Háskóla Íslands, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Björgólfur Thorsteinsson, Vætnis- og rafeldissamtök (VOR), Samtök verslunar og þjónustu, Samtök gagnavera DCI, Orka náttúrunnar ohf., Samtök ferðaþjónustunnar, Vestfjarðarstofa og Fjórðungssamband Vestfjarða, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Landsvirkjun, Norðurorka hf., Samorka – samtök orku- og veitufyrirtækja, Norðurál Grundartangi ehf., Festa – miðstöð um sjálfbærni, Samkeppniseftirlitið, Landsnet hf., Náttúruvísindakennarar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Samtök iðnaðarins, HS Orka hf., Samtök atvinnulífsins, Tæknisetur, Alcoa Fjarðarál, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Framvís – samtök vísifjársfesta, Samál – samtök álframleiðenda á Íslandi, Sæbýli hf., Loftslagsráð og Samtök þörungafélaga.

Skjöl málsins, allar umsagnir og upplýsingar um umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgátt stjórnvalda á [island.is](https://island.is/samradsgatt/mal/4111). Slóð á málið er: <https://island.is/samradsgatt/mal/4111>

### 3. ALMENN EFNISATRIÐI OG AÐFERÐ VIÐ GREININGU UMSAGNA

---

Umsagnir bárust frá fjölbreyttum hópi hagaðila, þar á meðal samtökum atvinnulífs og iðnaðar, sveitarfélögum, háskóla- og rannsóknastofnunum, stéttarfélögum og samtökum launafólks, umhverfis- og réttindasamtökum, samtökum fjárfesta og einstaklingum. Í umsögnunum koma fram bæði almenn sjónarmið um drög að framtíðarsýn, meginmarkmiði og áherslum stefnunnar og sértækari ábendingar um einstakar atvinnugreinar, loftslagsmál, innviðauppbyggingu, orkumál, regluverk, menntun, rannsóknir og nýsköpun.

Áberandi er að mikill meirihluti umsagnaraðila tekur undir meginmarkmið stefnunnar um aukna verðmætasköpun, meiri framleiðni og fjölbreyttari útflutning. Stuðningurinn er þó almennt háður því að stefnan sé skýr í forgangsröðun, studd raunhæfum aðgerðum og mælanlegum viðmiðum og að framkvæmd hennar verði markviss og samræmd. Í umsögnum er ítrekað bent á að framtíðarsýn ein og sér nægi ekki, heldur þurfi skýra útfærslu, tímasetta aðgerðaáætlun og eftirfylgni.

Jafnframt koma fram gagnrýnin sjónarmið um forsendur og áhrif stefnunnar. Bent er á að ekki sé nægjanlega skýrt hvernig meta eigi heildaráhrif atvinnuuppbyggingar, þar á meðal ytri áhrif, áhrif á náttúru og samfélag og raunverulegan þjóðhagslegan ábata einstakra atvinnugreina. Í því samhengi er kallað eftir heildstæðara mati á langtímaáhrifum og skýrari tengingu milli markmiða um hagvöxt, sjálfbærni og velsæld.

Þá leggur Samkeppniseftirlitið ríka áherslu á að atvinnustefna og samkeppnisstefna fari saman og setur fram þá tillögu að samkeppnismat verði lögfest og innleitt sem fastur liður í allri stefnumótun og við undirbúning laga og reglugerða. Eftirlitið varar jafnframt við sértækum stuðningi sem raskað getur samkeppni og bendir á mikilvægi jafnræðis og skilvirks regluverks sem auðveldar nýjum aðilum aðgang að mörkuðum.

Við greiningu umsagnanna var þemagreiningu beitt, þar sem sjónarmið umsagnaraðila voru flokkuð eftir bakgrunni þeirra. Umsagnaraðilum var skipað í hópa eftir greinum og hagsmunum og samhliða því voru helstu efnisatriði greind þvert á hópa með hliðsjón af meginviðfangsefnum stefnunnar. Með þessari aðferð var leitast við að draga fram sameiginlegar áherslur, gagnrýnar ábendingar og tillögur að forgangsmálum og aðgerðum.

## HELSTU ÁHERSLUR Í UMSÖGNUM ATVINNULÍFS OG ÚTFLUTNINGSGREINA

Fulltrúar samtaka atvinnulífs og útflutningsgreina, þar á meðal Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök ferðaþjónustunnar, sem og fyrirtæki á sviði orku, iðnaðar og gagnavera, lýsa almennri ánægju með meginmarkmið stefnunnar um aukna verðmætasköpun, meiri framleiðni og fjölbreyttari útflutning. Í umsögnunum er lögð áhersla á að tryggja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, einkum með bættu aðgengi að endurnýjanlegri orku, uppbyggingu flutnings- og samgönguinnviða, skilvirkari stjórnáslu og fyrirsjáanlegri leyfisveitingum. Slíkar umbætur eru taldar forsenda þess að markmið stefnunnar um kröftugan útflutningsvöxt nái fram að ganga.

Samtök og fyrirtæki í sjávarútvegi leggja sömuleiðis áherslu á stöðugt og skýrt regluverk. Áfram þurfi að fjárfesta í rannsóknum og vöktun nytjastofna og styðja við tæknivæðingu og fullvinnslu til að tryggja bæði framleiðnivöxt í greininni og samdrátt í losun. Fulltrúar hugverka- og þekkingariðnaðar kalla eftir auknum stöðugleika í hvataumhverfi rannsókna og þróunar og betra aðgengi að fjármagni. Samtök ferðaþjónustunnar benda sérstaklega á að umfjöllun um greinina sé ekki í samræmi við vægi hennar í útflutningi og telja að kafli um Upplifun þurfi að endurskrifa með skýrari áherslu á alþjóðlega samkeppnishæfni, nýsköpun og framleiðnivöxt. Í heild endurspegla umsagnir atvinnulífsins skýra kröfu um að stefnunni fylgi markviss framkvæmd og samræmdar aðgerðir á sviði orku, innviða, regluverks og nýsköpunar.

## ÁHERSLUR STÉTTARFÉLAGA, SAMTAKA LAUNAFÓLKS OG RÉTTINDASAMTAKA

Í umsögnum Alþýðusambands Íslands og BSRB, Bandalags háskólamanna, Eflingar og Verslunarfélags Reykjavíkur er tekið undir markmið stefnudraganna um aukna verðmætasköpun og framleiðnivöxt. Samtökin leggja þó áherslu á að hagvöxtur einn og sér tryggi ekki bætt lífskjör. Vöxtur þurfi að byggja á heilbrigðum vinnumarkaði, öflugum stofnunum og að framleiðnivöxtur skili sér í bættum kjörum launafólks. ASÍ og BSRB leggja í sameiginlegri umsögn til að jöfnuður verði hluti af áhrifamati atvinnustefnunnar.

Í umsögnunum er að auki lögð áhersla á mikilvægi samfélagslegra innviða svo sem húsnæðis- og heilbrigðisþjónustu sem forsendu atvinnuuppbyggingar um land allt. Réttindasamtökin ÖBÍ og Landssamtökin Þroskahjálpi kalla eftir skýrari áherslu á inngildinguna og virkari þátttöku fatlaðs fólks á vinnumarkaði, meðal annars með auknu framboði sveigjanlegri starfa. Í heild endurspegla umsagnirnar þá afstöðu að atvinnustefna verði að taka mið af bæði efnahagslegum og félagslegum þáttum til að stuðla að sjálfbærri og réttlátri þróun samfélagsins.

## ÁHERSLUR SVEITARFÉLAGA OG LANDSHLUTASAMTAKA

Í umsögnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka kemur fram stuðningur við áherslu stefnunnar um fjölbreytt störf og verðmætasköpun um land allt. Kallað er eftir skýrari tengingu milli markmiða og

framkvæmdar, einkum hvað varðar orkuöflun og uppbyggingu innviða. Samband íslenskra sveitarfélaga segir að atvinnustefnan þurfi að taka mið af öðrum stefnumótandi áætlunum stjórnvalda svo sem byggðaáætlun. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga segja raforkuöryggi vera forsendu atvinnuuppbyggingar á svæðinu og leggja jafnframt til að settir verði mælikvarðar um byggðapróun til að meta áhrif stefnunnar til dæmis um ný störf utan höfuðborgarsvæðisins.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðarstofa benda á að raforkuvinnsla hafi vaxið hægt á Vestfjörðum og geti staðið atvinnuuppbyggingu og orkuskiptum fyrir þrifum. Jafnframt sé veruleg hættu á orkuskortum um og eftir 2030 og að uppbygging einstakra verkefna, svo sem Hvalárvirkjunar og tengdra flutningsinnviða, skipti sköpum fyrir framtíðarþróun svæðisins. Landshlutasamtök á Norðurlandi nefna mikilvægi innviðauppbyggingar meðal annars hvað varðar raforku- og samgöngumál. Þá nefna einstök sveitarfélög tiltekin verkefni sem forsendu atvinnuuppbyggingar.

Þá er í umsögnunum lögð áhersla á að atvinnuuppbygging og ferðaþjónusta taki mið af svæðisbundnum styrkleikum og samhæfingu aðgerða. Bent er á mikilvægi dreifingar ferðamanna um landið og að svæðisbundin samvinna, meðal annars í gegnum landshlutasamtök, áfangastaðaáætlanir og sóknaráætlanir, hafi reynst árangursrík leið til að styðja við sjálfbæra þróun og aukna verðmætasköpun í byggðum landsins.

## ÁHERSLUR UMSAGNARAÐILA Á SVIÐUM MENNTUNAR, VÍSINDA OG NÝSKÖPUNAR

Í umsögnum háskóla- og rannsóknastofnana og ýmissa nýsköpunarfyrirtækja kemur fram að markvisst þurfi að styrkja fjármögnun og innviði á sviði vísinda og tækniþróunar. Aukin framleiðni og fjölbreyttari útflutningur til framtíðar, meðal annars á sviði þekkingar- og hugverkaiðnaðar, byggja á menntun, rannsóknum og öflugum mannauði. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri leggja áherslu á aukna fjármögnun háskólastigsins þannig að hún verði sambærileg því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum. Efla þurfi innlenda samkeppnissjóði til að styrkja grunnrannsóknir og almennt tryggja stöðugra rekstrarumhverfi rannsókna og nýsköpunar. Háskóli Íslands bendir á mikilvægi þess að samnýta rannsóknarinnviði um land allt og halda áfram uppbyggingu stafrænna rannsóknarinnviða. Tæknisetur og Hugverkastofan leggja áherslu á að aðstaða, prófunargeta og markviss hugverkavernd, svo sem fjölgun skráðra hugverkaréttinda og hvatar til einkaleyfa, verði sýnilegri og sterkari hluti af „vísindum og nýsköpun“ í endanlegri útgáfu stefnunnar.

Áberandi er í umsögnum að aukin „færni til framtíðar“ þurfi að ná til menntakerfisins alls. Náttúruvísindakennarar, STEM Ísland og SamSTEM-hópurinn fagna markmiði stefnunnar um að fjölga nemendum í STEM-greinum á háskólastigi. Bent er á að einnig þurfi að efla kennslu í raunagreinum á grunn- og framhaldsskólastigi og samræma náttúrufræðibrautir framhaldsskóla þannig að nemendur hafi sambærilegan og traustan undirbúning fyrir háskólanám í þessum greinum.

## ÁHERSLUR UMSAGNARAÐILA Á SVIÐI NÁTTÚRU- OG UMHVERFISVERNDAR

Í umsögnum sem falla undir þennan flokk má greina tvö meginviðhorf. Annars vegar að sjálfbærni og náttúruvernd þurfi að vera skýr forgangsviðmið á sviði atvinnuþróunar og hins vegar að markvissar aðgerðir í loftslagsmálum geti orðið grundvöllur aukinnar samkeppnishæfni og nýrra tækifæra innan helstu útflutningsgreina Íslands.

Lagt er til að sjálfbær þróun verði skýrara leiðarljós stefnunnar og að markmið um aukna verðmætasköpun verði ekki á kostnað náttúru, líffræðilegrar fjölbreytni eða árangurs í

loftslagsmálum. Festa – miðstöð um sjálfbærni leggur áherslu á þróun hringrásarhagkerfis og að greina þurfi hindranir og hvata í regluverki og leyfisferlum til að hraða innleiðingu slíkra lausna. Samtökin bjóða jafnframt fram samstarfsvettvang til miðlunar reynslu og lausna til stuðnings framkvæmd stefnunnar.

Landvernd bendir á að fórnir íslenskrar náttúru vegna orkuframleiðslu komi ekki fram í þjóðhagsreikningum og að atvinnustefna þurfi að taka mið af heildaráhrifum á náttúru, líffræðilega fjölbreytni og samfélag.

Loftslagsráð fagnar áherslu stefnudraganna á þróun lágkolefnahagkerfis, en bendir á mikilvægi þess að þeir mælikvarðar sem valdir verða til að meta áhrif stefnunnar styðji við markmið um aukna velsæld og sjálfbærni. Að mati ráðsins er ekki nægjanlegt að miða eingöngu við lægri kolefniskræfni einstakra greina, heldur verði að leggja áherslu á raunverulegan samdrátt í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Einnig sé mikilvægt að endanleg atvinnustefna taki kerfisbundið mið af orkuskiptum, landnotkun, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og öðrum umhverfisáhrifum við framkvæmd hennar.

## 4. VIÐBRÖGÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTIS VIÐ UMSÖGNUM

---

Forsætisráðuneytið fagnar þeim viðbrögðum sem drög að atvinnustefnu fengu og endurspeglast í þeim mörgu og vönduðu umsögnum sem bárust. Í umsögnunum koma fram fjölmargar gagnlegar ábendingar og tillögur að aðgerðum sem nýtast munu í áframhaldandi vinnu við mótun atvinnustefnunnar og aðgerðaáætlunar sem henni fylgir.

Ekki voru gerðar meiri háttar breytingar á drögum að stefnunni en með hliðsjón af innsendum umsögnum voru eftirfarandi efnislegar viðbætur og breytingar gerðar:

Um fjöllum um ferðapjónustu var endurskoðuð í veigamiklum atriðum í kafla stefnunnar um Upplifun. Þar er nú lögð skýrari áhersla á mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi alþjóðlega samkeppnishæfni ferðapjónustunnar og að nýsköpun og markviss vöruþróun séu lykilforsendur bættrar framleiðni og aukinnar verðmætasköpunar greinarinnar.

Jafnframt var tekið mið af umsögnum um sjálfbæra nýtingu auðlinda. Í endanlegri útgáfu stefnunnar er lögð aukin áhersla á að atvinnuuppbygging byggji á sjálfbærri auðlindanýtingu og að skýr auðlindastefna liggja til grundvallar atvinnustefnunni. Meginstefið er að sjálfbær nýting auðlinda til verðmætasköpunar verði ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs og að það sé forgangsmál stjórnvalda að skapa forsendur fyrir stöðugleika og fjárfestingu í auðlindagreinum. Jafnframt er lögð áhersla á að skapa samfélagslega sátt um starfsemi auðlindagreina, þar á meðal með því að skýra við hvaða aðstæður auðlindagjöld geti átt við og hvernig nýta megi þau til að samræma hagsmuni nærsamfélags og þjóðar.

Þá hefur mælikvarði um losunarkræfni útflutnings verið aðlagður þannig að skýrt sé að markmiðið er að draga úr losun yfir alla virðis\_keðjuna.

Fjöldi umsókna bar með sér tillögur að aðgerðum sem nýttust við gerð fyrstu aðgerðaáætlunar stefnunnar og verður áfram horft til þeirra við mótun frekari aðgerða til að fylgja atvinnustefnunni eftir.

## 5. NÆSTU SKREF

---

Atvinnustefna Íslands – vaxtarplan til 2035 – og fyrsta aðgerðaáætlun til innleiðingar hennar, sem tekur til áráanna 2026–2027, voru samþykktar á fundi ríkisstjórnar 27. mars 2026. Forsætisráðuneytið mun áfram leiða vinnu við innleiðingu atvinnustefnu Íslands.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um innleiðingu atvinnustefnu verður skipaður fulltrúum allra hlutaðeigandi ráðuneyta undir forystu forsætisráðuneytisins. Hópurinn mun fylgja eftir aðgerðaáætlun stefnunnar og stuðla að því að markmiðum stefnunnar verði náð, samhæfa vinnu Stjórnarráðsins, fylgjast með þróun mælikvarða stefnunnar og leggja mat á árangur.

Atvinnustefnuráð verður stjórnvöldum til ráðgjafar um innleiðingu og þróun stefnunnar og mun funda tvisvar á ári með ráðherranefnd um efnahagsmál.